

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Þórarin skólameistara Björnsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. júlí 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þórarin skólameistara Björnsson.

1. gr.

Minningarsjóður Þórarins skólameistara Björnssonar er stofnaður með framlögum nemenda hans, vina og vandamanna, eftir andlát hans hinn 28. janúar 1968, í virðingarskyni og þakklætis fyrir hin veigamiklu störf hans í þágu íslenzkra menntunar- og menningarmála.

Stofnfé sjóðsins er kr. 537 789.44.

2. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri og fer um vörzlu, fjárreiður, bókfærslu og endurskoðun á reikningum sjóðsins eftir almennum reglum um sjóði í vörzlum skólans.

3. gr.

Þriggja manna stjórn fer með yfirlit sjóðsins. Skal skólameistari vera sjálfkjörinn formaður hennar, en tveir meðstjórnendur kjörnir árlega af kennarafundi. Þó skal ekkju Þórarins, frú Margréti Eiríksdóttur, heimilt að tilnefna annan meðstjórnandann, ef hún óskar þess.

4. gr.

Úthluta skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Fer úthlutunin fram á afmælisdegi Þórarins Björnssonar, 19. desember, en tilkynna skal um styrkveitinguna við skóla-slit.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingu og ræður því, hvort auglýsa skuli eftir umsóknum eða ekki.

5. gr.

Gjafir og aðrar tekjur sjóðsins leggjast óskiptar við höfuðstól, en hann má aldrei skerða.

Úthluta má hverju sinni allt að $\frac{1}{3}$ hlutum af vöxtum sjóðsins eins og þeir voru næsta ár á undan úthlutun.

Styrki má veita stúdentum frá Menntaskólanum á Akureyri til háskólanáms eða framhaldsnáms, og skulu þeir stúdentar að öðru jöfnu ganga fyrir, sem leggja stund á frönsku eða franskar bókmenntir, latínu eða bókmenntir á latínu eða heim-spekileg fræði. Styrknum skal úthlutað til traustra og góðra nemenda, er sýnt hafa góða ástundun og eru góðir skólaþegnar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 23. febrúar 1970.

Steindór Steindórsson,
formaður.

Brynjólfur Sveinsson,
meðstjórnandi.

Aðalsteinn Sigurðsson,
meðstjórnandi.